

Alþingi
Erindi nr. P 138/168
komudagur 17.11.2009

Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd Alþingis
Gautur Sturluson, nefndarritari
Austurstræti 8-12
150 Reykjavík

Reykjavík, 17. nóvember 2009

Efni: Athugasemdir við matvælafrumvarpið.

Hvalur hf. lagði fram athugasemdir við matvælafrumvarpið með bréfi þann 3. júní sl. Annars vegar varðandi efnisatriði sem lutu að útflutning matvæla, en með minnisblaði Matvælastofnunar frá 9. nóvember sl. er staðfest að ákvæði EES samningsins ná ekki yfir viðskipti EFTA ríkja við þriðju ríki og þar með er ekki þörf á því að taka upp efnisákvæði 12. gr. reglugerðar ESB nr. 178/2002.

Hins vegar var áréttning um ákvæði þágildandi reglugerðar nr. 105/1949, um að heimilt væri að nota hvalaafurðir til fódurgerðar á innanlandsmarkaði. Dýraprótein úr aukaafurðum hvala hafa í áratugi verið nýtt til fódurgerðar fyrir dýr sem alin eru upp til manneldis. Sömu sjónarmið hafa átt við um dýraprótein sem unnið er úr fiski og um hvalaafurðir. Sú afstaða sem kemur fram í minnisblaði Matvælastofnunar frá 9. nóvember sl. kemur því á óvart.

Til að skýra þetta betur má benda á að skv. rgl. nr. 489/2009 um vinnslu og heilbrigðiseftirlit með hvalaafurðum, sem kom í stað rgl. nr. 105/1949, er gert ráð fyrir að hvalaafurðir fari til manneldis eða í dýrafóður, sbr. 21. gr. rgl., enda í samræmi við heimildir eldri reglugerðar.


Mikilvægt er að átta sig á að með matvælafrumvarpinu er verið að innleiða reglur Evrópusambandsins í gildandi íslenskan rétt. Hvalir eru ekki hluti af regluverki Evrópusambandsins og þar með þarf ekki að semja um neitt eða fá samþykkt í sameiginlegu EES nefndinni fyrir einhverju eins og ráða má af minnisblaði MAST.

Íslensk stjórnvöld hafa allar þær heimildir sem þarf til að laga íslenskt regluverk að hvalveiðum og nýtingu hvalaafurða. Eins og kom fram í fyrra bréfi Hvals hf. þá var verið að áréttta eldri gildandi heimildir fyrir nýtingu hvalaafurða til fódurgerðar á innanlandsmarkaði. Hvalaafurðir hafa þannig farið í dýrafóður og fódurblöndur fyrir búfé sem nýttar hafa verið á innanlandsmarkaði og áður flutt út til Evrópulanda. Kröfur um rekjanleika afurðanna tryggja að hvalaafurðirnar séu aðeins nýttar innanlands eða í ríkjum utan ESB og þar með á ekki að vera um neina árekstra að ræða gagnvart matvælaöggjöf Evrópusambandsins.

Óskað er eftir því að fá að koma á fund sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar til að gera nánari grein fyrir ofangreindum sjónarmiðum.

Virðingarfyllst,

f.h. Hvals hf.



Kristján Loftsson